



FRÉTTABRÉF SAFNMANNA

Ritstjóri og ábm. Sigurjón Baldur Hafsteinsson
Árbæjarsafn, IS-130 Reykjavík. Netfang:sbh@centrum.is
5. árg. 4. tbl. 1996

Efnisyfirlit

Fylgt úr hlaði ~ frá ritstjóra.
Formannsspjall ~ Hanna Rósá Sveinsdóttir.
Farskólinn í Reykjavík 1996 ~ Margrét Hallgrímsdóttir.
Listasafnið í samtímanum ~ Gunnar B. Kvaran.
„Hættið að selja SS-pylsur!“ ~ Jón Björnsson.
Fornleifaskráning og fornleifarannsóknir ~ Orri Vésteinsson.
Um stefnumörkun og stjórnskipulag
fyrir Þjóðminjasafn Islands ~ Helgi M. Sigurðsson.
Allt á einum stað ~ Ragnhildur Vigfúsdóttir.
Þjóðminjasafnið netvæðist ~ Guðmundur Ólafsson.
Íslenska söguþingið.
Norrænt safnár 1997 - Nordliv styrkur.
Eitt og annað gagnlegt.

Félag íslenskra safnmannna.
Stofnað 17. janúar 1981

Fylgt úr hlaði

Félagatal og félagskírteini Félags íslenskra safnmannna.

Með þessu fréttabréfi fylgir félagatal FÍS. Það eru vinsamleg tilmæli til þeirra sem hafa netföng eða eigin heimasíður að senda mér upplýsingar um síðkt. Ég mun koma því á framfærni í fréttabréfinu og í síðari útgáfum af félagatalinu.

Nú hafa félagsskírteinin litið dagsins ljós og voru flest þeirra afhent í farskólanum nú í haust. Lýstu margir yfir ánægju sinni með þau og hugsuðu sér gott til glóðarinnar, en þau er hægt að nota sem aðgangspassa inn í söfn hér innanlands og erlendis. Er það von stjórnar að safnmenn taki vel á móti félögum sínum sem veifa gulaspjaldinu.

Efni fréttabréfsins.

Tvö erindi sem haldin voru á farskólanum í haust eru birt í þessu hefti, eftir Gunnar B. Kvaran og Jón Björnsson. Í þessum erindum má m.a. finna áleitnar spurningar til safnmannna um hlutverk safna í að skilgreina „þjóðararfinn“ og hvernig beri að meta árangur þeirra. Þann 20. september var haldin kynning á nýju stjórnskipulagi fyrir Pjóðminjasafn Íslands og lögð fram drög að stefnumörkun safnsins fyrir tímabilið 1996 til 2002. Fór kynningin fram á Pjóðminjasafninu og voru haldin nokkur erindi um margvíslegar hliðar þessara mála. Einn af frummælendum var dr. Orri Vésteinsson fornleifafræðingur en erindi hans birtist hér óbreytt. Helgi Sigurðsson safnvörður á Árbæjarsafni ræðir í framhaldi af því hvernig áðurtaldar skipulagsbreytingar koma honum fyrir sjónir. Á þessum niðurskurðartímum ræðir síðan Ragnhildur Vigfúsdóttir tillögur um Pjóðmenningarhús við Hverfisgötu í Reykjavík. Guðmundur Ólafsson ræðir síðan um tölvuvæðingu Pjóðminjasafnsins.

Framtíðin.

Eftir að hafa kynnt mér fyrri hefti sem félagið hefur gefið út er augljóst að safnmönnum liggur ýmislegt á hjarta og hafa frá mörgu að segja. Ég vonast til þess að svo verði áfram og að félagsmenn verði duglegir við að senda mér pistla, tilkynningar, vangaveltur um fyrri skrif í fréttabréfið og annað sem getur verið gagnlegt fyrir söfn og safnmenn í landinu.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson
sbh@centrum.is

Formannsspjall

Ágætu félagsmenn!

Bestu þakkir fyrir samveruna á farskólanum. Það er alltaf gaman að heimsækja höfuðborgina og fræðast um leið þó svo að veðurguðirnir hafi ekki verið okkur hliðhollir í þetta sinn. Reykvíkingar: Hafið þakkir fyrir móttökurnar.

Í farskólanum í ár var gleðilegt að sjá svona marga nýja, unga og áhugasama safnverði. Ég held að með tilkomu þeirra hafi meðalaldur félagsmanna lækkað um nokkur ár! Ég vil bjóða nýja félagsmenn velkomna og hvet þá til að láta til sín taka í málefnum safnmanna.

Að aðalafundi safnmannafélagsins þann 5. september síðastliðinn kom í ljós að endurmenntunarmál brenna heitt á safnmönnum. Hingað til hefur farskóli safnmanna verið eina skipulagða endurmenntunin sem safnmönnum hefur staðið til boða hérlandis. Öll umræða um endurmenntun safnmannna hlýtur því að beinast að því að endurskoða núverandi fyrirkomulag farskólans með það fyrir augum að gera hann markvissari og betri. A fundinum kom fram tillaga um að stofnuð yrði fræðslu- og endurmenntunarnefnd. Hlutverk hennar yrði að fylgjast með námskeiðum og fyrilestrum. Í framhaldi var stjórninni falið að setja á fót starfshóp sem skilgreini tilgang fræðslunefndar og í framhaldi af starfi þess hóps að tilnefna í nefnd. Stjórnin mun nú senn kalla saman starfshóp en áhugasamir um setu í honum eru beðnir um að koma sér á framfæri við stjórnina.

Nýjustu tilindiðin úr menningargeiranum er að gera Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík að svokölluðu Þjóðmenningarhúsi. Þar er ætlunin að sýna úrvall þjóðargersema Íslendinga í bókmenntum, minjum og listum. Í eyrum safnmannna hlýtur þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hljóma heldur hjákátlega. Þeir hafa hingað til átt í erfiðleikum með að afla fjár til að standa undir rekstri þeirra stofnana sem annast eiga þjóðararfinn. Nú eru til fjármunir til að setja á fót sérstakt Þjóðmenningarhús! Væri ekki nær að veita þeim fjármunum til vörlu menningarminja í landinu og styrkja þær stofnanir sem hafa þetta opinbera hlutverk á hendi í stað þess að reita af skrautfjaðirnar? Sú ráðstöfun að láta þessa nýju stofnun heyra undir forsætisráðuneytið í stað menntamálaráðuneytis, sem hingað til hefur sinnt þessum málaflokki, verður að teljast sértök og vekja upp spurningar um hver sé framtíðarskipan þessara mála. Ég vil skora á safnmenn að láta í sér heyra um þetta mál.

Hanna Rósa Sveinsdóttir.

Farskólinn í Reykjavík 1996

Dagana 4.-6. september s.l. var haldin farskóli safnmanna. Þátttaka var góð, en á sjötta tug safnmanna tók þátt í skólanum að þessu sinni. Frá árinu 1989 hefur farskólinn verið haldinn vítt og breitt um landið og hefur verið sérlega fróðlegt að fá að kynnast söfnum landsins og menningarminjum á þennan hátt í hópi safnmanna. Röðin var nú komin að Reykjavík. Að þessu sinni var áhersla lögð á söfn sem rekin eru af Reykjavíkurborg og/eða einkaaðilum og áhugaverð minjasvæði innan borgarmarkanna. Í pallborðumræðum farskólans voru söfn samtímans gerð að umtalsefni, hlutverk safnanna í menningarstefnu, tengsl þeirra við ferðaþjónustu og samstarf við grunnskólan. Urðu þar nokkrar umræður um og þá sérstaklega um tengsl safnanna við skólan. Eftir pallborðumræðurnar var leiðsogn um sýningar og deildir Árbæjarsafns áður en farið var í vettvangsferð á söguslóðir í Reykjavík. Á föstudegsmorgnинum var haldinn aðalfundur félagsins og urðu þar líflega umræður á vel sóttum fundi. Á eftir heimsókninni í Laugarnesið var haldið af stað í skoðunarferð um söfn í Reykjavík. Athygli vakti safn Jósafríðar Hinrikssonar í Skútvogi sem og safn Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Farskólinn fékk einnig höfðinglegar móttökur í Perlunni í boði Hitaveit Reykjavíkur og þar viðraði formaður stjórnar veitustofnana hugmyndir að tækniminjasafni sem vakti áhuga safnmannna.

Farskólinn hefur nú verið starfræktur árlega síðustu sjö árin og hefur fyrir löngu sannað gildi sitt eins og þátttakan undanfarin ár sýnir. Með virkri þátttöku í farskólanum hefur okkur gefist tækifæri til þess að skoða söfn og minjar landsins á skipulegan hátt í góðum hóp safnmannna, taka þátt í umræðu um mál sem hafa verið ofarlega á baugi í safnaheiminum og kynnast innbyrðis sem auðvitað er mikilvægt í fámennri sétt sem þessari.

Það var afar ánægjulegt að taka á móti safnmönnum í farskóla íslenskra safnmannna 1996 hér í Reykjavík. Fannst mér hópurinn vera mjög samstilltur og góður andi ríkja meðal safnmannna. Er það mikilvægt og tilefni bjartsýni fyrir íslenska safnmenn. Ég vil fyrir hönd farskólanefnda þakka fyrir komuna og hlakka til næsta farskóla.

Margrét Hallgrímsdóttir

Listasafnið í samtímanum

Hefðbundið hlutverk safna, og þar er listasafn engin undantekning, er að safna munum, varðveita þá og sýna. Listasöfnin hafa þó þá sérstöðu að þau safna listaverkum sem þau velja sjálf. Listasöfn eru í eðli sínu elitískar stofnanir sem gera upp á milli listamanna og listaverka á fagurfræðilegum og listrænum forsendum. Og það sem meira er: listasöfnin búa yfir merkilegu og flóknu valdi. Segja má að listasöfn, sem hús og stofnanir, upphefji listhlutinn. Í umræðunni um listhugtakið síðustu áratugi hafa listfræðingar og heimspekingar oftar en ekki haldið því fram að í raun séu það ekki síst listasöfnin sem geri hlut að listaverki.

Innan veggja listasafnanna skiptist starfsemin í grófum dráttum í tvennt, annars vegar er safnið og innra starf þess og hins vegar sýningarnar. Það hefur ávallt verið metnaður safna að eignast sem merkust listaverk. Og þá ekki aðeins frá viðkomandi menningarsvæði, heldur á safnið ekki síður að vitna um fjarlægar og framandi slóðir. Hér á Íslandi höfum við til skamms tíma einbeitt okkur að íslenskri myndlist, að sumu leyti vegna þess að við höfum ekki haft efni á að kaupa erlend listaverk, en einnig vegna þess að það hefur verið ríkjandi skoðun að í íslenskum söfnum ættu fyrst og fremst að vera íslensk listaverk. Þetta hefur leitt til þess að hér á landi hafa orðið til óeðlilega afskekkt listasöfn þar sem íslensk myndlist og íslensk listasaða er framreidd á óvenju einangraðan máta. Það er skoðun okkur í Listasafni Reykjavíkur að við þurfum að gera allt til að brjótast út úr þessari einangrun og setja íslenska myndlist eðlilegt samhengi við umheiminn.

Þá er ekki nema von að menn spryji hvort erlend myndlist hafi lækkað í verði, eða hvort fjarveitingar borgarlistasafnsins hafi vaxið svo mikil síðustu ár að við getum nú loksins keypt erlenda list. Því miður verðum við að svara þessum spurningum neitandi. Aftur á móti getum við sett spurningamerki við þá hefð sem segir að listasöfn þurfi að eiga listaverkin. Í ljósi þess að meirihluti listaverka í eigu safna og einkasafnara eru varðveitt í geymslum vaknar raunar sú spurning hvort söfn geta ekki einfaldlega fengið listaverk að láni um lengri eða skemmti tíma. Meginhlutverk listasafns er í sjálfu sér ekki að eiga verk, heldur að varðveita verk, rannsaka og sýna. Með öðrum orðum að gera listina aðgengilega. Að okkar mati kæmi þetta öllum til góða. Samtímis því að almenningur fengi notið listaverkanna eykst gildi þeirra sjálfra við veruna á listasafninu.

Það má kannski segja að við hjá Listasafni Reykjavíkur höfum reynt að færa íslenska listunnendur nær heimslistinni með því að setja upp stöðugt fleiri erlendar sýningar. Vist er að samskipti við erlend söfn og menningarstofnanir eru okkur á Kjarvalsstöðum mikil kappsmál. Á sama tíma og erlendum sýningum hefur fjölgæð höfum við fengið aukin

tækifæri til kynna íslenska myndlist í söfnum erlendis. Er hér um að ræða nokkuð reglubundin tengsl við söfn á Norðurlöndum auk safna í Japan, Þýskalandi, Frakklandi, og nú síðast í Tékklandi, Litháen og Úngverjalandi. Til skamms tíma hafa þessar skiptisýningar verið skilgreindar, sem sérstök kynning á list hlutaðeigandi þjóðlanda, en nú hefur orðið sú breyting að við höfum fengið til liðs við okkur erlenda sýningarástjóra til að setja saman sýningar í samvinnu við Kjarvalsstaði og erlend listasöfn, þar sem stefnt er saman listamönnum frá ólíkum þjóðlöndum og menningarsvæðum. Þar mun sýningarástjóri og listrænn metnaður sitja í fyrirrúmi. Það er trú okkar að slíkar sýningar geti fleytt íslenskum listamönnum af meiri krafti inn í þau safna- og sýningarármálförum sem við teljum æskileg.

Það er öllum ljóst sem starfa við söfn að rannsóknir eru einn meginþátturinn í starfsemi þeirra. Rannsóknir á hverjum tíma eru forsendan fyrir vel gerðum og metnaðarfullum sýningum. Á þetta sérstaklega við um hérland listasöfn, því í landinu annast engar aðrar stofnanir listsögulegar rannsóknir eða heimildasöfnun. Við getum ekki sótt neina undirbúningsvinnu annað, t.d til háskólanna, líkt og söfn gera erlendis.

Á síðustu árum höfum við á Kjarvalsstöðum í auknum mæli lagt rækt við uppbyggingu safnsins. Mikil orka hefur farið í hefðbundið safnastarf varðandi skráningu, varðveislu og viðhald listaverka, og auk þess verið lögð veruleg vinna í að koma á legg alþjóðlegu bókasafni og gagnasafn fyrir íslenska myndlist, sem eins konar grunni fyrir þau fræðistörf sem nauðsynlegt er að vinna í slíkum stofnunum. Við þessa uppbyggingu hefur verið lögð sérstök áhersla á að sinna öllum frumskyldum um skráningu og varðveislu listaverka. Aftur á móti verður að viðurkennast að almenn rannsóknarvinna við íslenska myndlist innan safnsins er fremur skammt á veg komin og þegar hugsað er til framtíðar er engin launung að þar þyrfi sérstaklega að styrkja undirstöðurnar. Líkt og margoft hefur komið fram eru rannsóknir á íslenskri listasögu fremur fátæklegar og raunin er sí að það eru helst rannsóknir á listamönnum sem tengjast ákveðnum stofnunum, - Einari Jónssyni, Ásmundi Sveinssyni, Kjarval, Erró - sem náð hafa ákveðinni dýpt. Pannig er á næstu árum afar nauðsynlegt að fjölga fræðimönnum við Listasafn Reykjavíkur til að efla rannsóknapháttinn. Vist er að slík fræðivinna mundi hafa grundvallaráhrif á inntak þeirra sýninga sem settar verða upp á Kjarvalsstöðum í framtíðinni.

Þá hefur verið komið á fót byggingarlistardeild við Listasafn Reykjavíkur til að annast gagnasöfnun og rannsóknir á íslenskri byggingarlist og setja upp sýningar tengdar henni. Mikið starf er óunnið við könnun og skráningu frumgagna, sem og úrvinnslu, túlkun og gerð kennslu- og upplýsingaefnis. Hér á landi hafa byggingarsögurannsóknir einkum beinst að húsagerð fyrri alda og hefur merkilegt brautryðjendastarf verið unnið á því sviði. Minni áhersla hefur verið lögð á það sem byggt hefur verið á þessari öld eftir tilkomu steinsteypunnar. Í

þessu samhengi er nauðsynlegt að gera greinarmun á þjóðháttarfæðilegum rannsóknum á almennum húsakosti og listsögulegum rannsóknum sem beinast að þeim hugmyndafræðilegu forsendum sem liggja að baki verki arkitekts sem listrænni sköpun. Í því samhengi hefur sérhæfð byggingarlistardeild mikilvægu hlutverki að gegna, jafnt á sviði rannsókna sem upplýsingamiðlunar. Rekstur slíkrar deildar innan vébanda listasafns er að okkar mati áhrifarík leið til að efla þann skilning að byggingarlist sé listgrein, nátengd öðrum greinum myndlistar.

Pegar minnst er á rannsóknir kemur fræðslupátturinn eðlilega upp í hugann. Á síðastliðnum árum hefur það komið betur og betur í ljós, sem ávallt hefur verið vitað meðal listafólks og listahugamanna hér á landi, að mikill skortur er á fræðslu um myndlist og myndmál almennt í skólakerfinu. Fleiri og fleiri kennarar hafa því nýtt sér safnakennslu listsafna Reykjavíkur. Það má því segja að fræðslustarfsemin hafi verið einn helsti vaxtarbroddurinn í safnastarfínu og er það vel. Tengslin við skólakerfið hafa stóraukist á undanförnum árum. Þetta aukna samband safna og skóla skilar sér vafalítið í hæfari listunnendum þannig að sýningargestir fá einfaldlega meira út safnaheimsókn sinni. Ég vil leggja á það áherslu hér að frumkvæðið að safnafræðslunni hefur alfarið komið frá safninu. Markmiðið með þessu starfi er ekki að búa til listamenn í hefðbundnum skilningi heldur að gera fólk að hæfari menningar- og listnjótendum. Í þessu sambandi vil ég endurtaka hér það sem ég hef áður sagt: Það er engin spurning í mínum huga að Reykjavíkurborg á að koma á legg sérstakri stofnun til að annast bæði tengsl safna við skólakerfið og almennri menningarfræðslu.

Fram til þessa hefur fjármögnun menningarstofnana verið að mestu eða öllu leyti í höndum opinberra aðila. Til skamms tíma var það jafnvel talið eðlilegt að menningarstofnanir skiliðu ekki neinum tekjum, heldur væri tapið 100% menningarlegt. Að undanförnu hefur orðið talsverð hugarfarsbreyting um rekstur menningarstofnana. Stofnanir leggja sig nú í auknum mæli fram við að skapa verðmæti með því til dæmis að framleiða og selja ýmiskonar varning og þjónustu.

Erlendis er þessu öðruvísi farið. Það er velþekkt staðreynd að bæði einstaklingar og fyrirtæki erlendis hafa í gegnum tíðina lagt sig fram við að kosta og styðja við menningarstofnanir á borð við listasöfn. Á þetta sérstaklega við um Bandaríkin þar sem menningarstofnanir eru oft að mestum hluta reknar fyrir söfnunarfé. Listasöfn og aðrar menningarstofnanir í Evrópu fá sín framlög að sjálfssögðu frá ríski, sveitarfélögum eða heraðsstjórnum en njóta einnig viðbótarfjármagns frá fyrirtækum, og hefur það aukist hlutfallslega á síðastliðnum árum. Hér er um að ræða áratuga, ef ekki aldagamla hefð, þar sem stórfyrirtæki verja hluta af ágða sínum til menningar eða mannúðarmála. Ljóst er að í ákveðnum samfélagshópum og stéttum í flestum ríkjum Evrópu og Norður-Ameríku er það hluti af gildismati og sjálfsvirðingu einstaklinga að taka þátt í uppbyggingu menningarstofnana. Vafalítið dregur það ekki

úr örlætinu að styrkurinn er frádráttarbær frá skatti og að gjafmildin getur fleytt minningu viðkomandi inná spjöld sögunnar.

Það verður að segjast eins og er að hér á landi er ekki hefð fyrir því að einstaklingar og fyrirtæki leggi fé til menningarmála. Ástæðurnar eru vafalítið margar og flóknar. Þó er það einkum tvennt sem gerir gæfumuninn. Annars vegar sú staðreynad að íslenskt efnafólk hefur ekki í gegnum tíðina skreytt sig með menningarlegum ytri táknum. Listaverk hafa aldrei verið sérstakur vitnisburður um auð á Íslandi. Hins vegar hefur skattakerfið á Íslandi skapað til þess hvata hjá einstaklingum og fyrirtækjum að leggja fjármagn til menningarmála. Það er því ljóst að ekki er hægt að nota erlendar fyrirmyn dir að öllu leyti í íslenskum menningarveruleika. Og ef við ætlum okkur að ná meira fjármagni inn í menninguna frá atvinnulífinu er nauðsynlegt að reyna að búa til nýtt samskiptamunstur milli menningarstofnana og íslenskra fyrirtækja, þar sem allir sjá hag sínum borgið að einhverju leyti. Það er nefnilega útbreidd skoðun að ekki sé hægt að ætlast til þess að íslensk fyrirtæki, sem eðlilega greiða skatta og skyldur til samfélagsins, veiti íslenskri menningu þar að auki umtalsverðar fjárhæðir. Það er ekkert innbyggjt í hefðum okkar eða gildismati sem gerir ráð fyrir slíkri skipanmála. Þess vegna ættum við frekar að tala um samvinnu íslenskra fyrirtækja og menningarstofnana.

Vitað er að mörg íslensk fyrirtæki leggja árlega tugi milljóna í auglýsingar, sem í flestum tilfellum eru unnar af íslenskum auglýsingaskrifstofum. Spurningin er hvort íslenskar menningarstofnanir mættu ekki koma mun meira inn í þá vinnu með því að íslensk fyrirtæki geti samsamað sig ímynd viðkomandi stofnunar. Ein stórbrottnasta auglýsing hér á landi síðastliðin ár er vafalítið auglýsing Mjólkursamsölnnar á mjólkurfernunum, þar sem mjólkur er samsömuð tungumálinu sem jafnframt er lykilhugtak í greiningu okkar á íslenskri menningu. Hér komumst við næst því að gera vöru að órjúfanlegum hluta af menningu okkar, ef ekki eins konar náttúrulögsmáli. Þá þekkjum við einnig athyglisverða samvinnu milli olfuverslunar og gróðursetningar, þar sem olufyrirtæki, með öllu sem því tilheyrir, hefur tekist að samsama sig ímynd skógræktar og öllu því sem þar fylgir! Ég tel að söfnin eigi að geta komist inn á þennan markað. Ef við viljum meira fjármagn frá íslenskum fyrirtækum til íslenskra menningarstofnana verður ekki hjá því komist að skattayfirvöld leggi sitt af mörkum með því að gera framlag til menningarmála frádráttarbær frá skatti í mun rískari mæli en nú þekkist. Í raun er þetta lykilatriði.

Að lokum: Segja má að hin ólíku söfn sem hér er stefnt saman á safnaþingi kristallist í hugtakingu menning. Samtímis hefur verið ákveðin tilhneiting til að lita á menningarstofnanir sem eins konar skraut í uppbyggingu samfélagsins. Og þess vegna hafa þessar stofnanir sjaldnast verið settar í samfélagslegt samhengi. Á síðustu árum hefur fólk mátt merkja umtalsverðar breytingar á innra starfi og framsetningu t. d. listasafna og annarra menningarstofnana, þar sem viðkomandi söfn reyna

eftir mætti að laða til sín fólk með aukinni þjónustu af ýmsu tagi. Þar á meðal er margs konar fræðslustarfsemi, sem beinist annars vegar að skólakerfinu og hins vegar að hinum almenna safnagesti.

Það er míni skoðun að nú sé runnin upp sú stund að við þurfum að skýra og skilgreina betur en gert hefur verið hlutverk menningar (og þar með safnanna) í samtímanum. Við verðum að leggja áherslu á þá staðreynd að menningin hefur samfélagslegt hlutverk. Í henni birtist hið raunverulega gildismat samfélagsins, það sem einstaklingarnir hafa komið sér saman um að skipti menn máli í samféluginu. Þess vegna tel ég eðlilegt að menningarmál, þar með talin safnamál, séu með í almennri samfélagslegsumræðu á svipadaðan hátt og skóla- og félagsmál. Við þurfum að athuga hvort ekki er tímabært að endurskoða í samhengi alla þjónustubætti samfélagsins, meðal annars skólamál, félagsmál og menningarmál, og leita eftir skýrari samþættingu eða gegnumflæði þar sem menningin geginir því hlutverki að vera raunverulegt bindiefni.

Gunnar B. Kvaran
Erindi haldið á Farskóla safnmannana, 5. sept. 1996.

„Hættioð að selja SS-pylsur!”

Ég vil byrja á því að bjóða alla gesti velkomna hingað í Árbæjarsafn, eitt þeirra safna sem borgin má vera hreykin af, og sérstaklega býð ég alla sem komnir eru úr öðrum sóknum velkomna til höfuðborgarinnar Reykjavík. Ég ætla ekki að tala mikið um söfn, það væri ógætilegt af mér, vitandi það að í áheyrendum eru samanþjóppuð sjálfsgagt ein 75% af samanlagðri þekkingu landsmanna á söfnum. Ég ætla því að tala um allt annað, nefnilega vandann við að vera höfuðborg, og rétt í endann ætla ég að drepa á eitt lítið en mikilvægt attríði varðandi söfn.

Fyrir einhverja allt að því óútskýranlega sögulega tilviljun lenti nesið hér vestan við okkur, síðan mýrarnar í nesrotinni og loks holtin og hæðirnar þar uppfaf í þeirri vegsem og vanda að verða höfuðborg; þrátt fyrir að vera úti á einu landshorninu og þrátt fyrir misjafnt veðurlag. Fólkid á þessum bletti fór eitthvað fyrr á hreyfingu upp úr allt að því lygilegum doða þjóðarinnar, þjóðar sem hafði ekki löngun til að hagnýta sér hjólið fyrr en um síðustu aldamót, þegar afar okkar og ömmur voru ung. Þessi upprisa Reykjavíkur úr ládeyðunni var framan af hvorki snögg né byltingarkennd; það er ekki lengra síðan en rúm öld, að það var eitt mesta hitamálið í bæjarstjórninni hér, hvort það væri viðeigandi að bera mykju og kúahland á Austurvöll til þess að fá af honum meiri grasnytjar. Samt varð hér upphafið að velflestu sem kenna má til nútímans, hér var dyrdragættin inn í nútímann og það er lýsandi að til skamms tíma þurftu

allir landsmenn sem ætluðu að erinda við heiminn utanvið þetta eyland, að fara um Reykjavík. Hér var upphafið, Reykjavík sogaði til sín fólk og verðmæti af öllu tagi frá öllu landinu, ámóta og breska heimsveldið gerði við nýlendurnar á síðustu öld. Hér var menntunin, hér voru peningarnir, hér var atvinnan, hér voru völdin, framinn og síðast en ekki síst menningin. Reykjavík lamaði stóra landshluta, ekki af því hún væri vond og þjófótt eins og breska heimsveldið á sínum tíma, heldur þvert á móti af því hún var á undan, af því hvað hún stóð sig vel, að því hvað hún var góð.

En það er vandasamt að vera höfuðborg, það reyndist líka vandasamt að vera breskt heimsveldi. Það er vandasamt að hafa þessháttar aðdráttarafl, að maður viljandi og óviljandi sjúgi máttinn úr þeim sem eru í grennd við mann, að maður lami þá og veiki sem maður á að vera spjót og skjöldur fyrir. Því það, að vera spjót og skjöldur fyrir landið, er það sem felst í að vera höfuðborg lands; það þýðir að maður eigi ekki að vera egingjarn og neyta aflsmunarins, heldur dreifa og beita afli sínu í annarra þágu, að öðrum kosti verður endirinn sá að höfuðborg verður bara höfuðborg sjálfrar sín og heimsveldi einungis heimsveldi í sínum heimahreppi. Ég vil nú ekki segja að Reykjavík hafi fallið til botns í þá gryfju, en gryfjan er vissulega þarna og þessvegna er hættan þarna, hættan sem felst í hinum lævísá hroka stærðarinnar og magnsins. Hroka sem lýsir sér í því að vera svo upptekinn af sjálfum sér af því maður er stór, að maður virði ekki aðra en sjálfan sig viðlits, trúá þeim ekki til að hafa neitt til málanna að leggja, kunna ekki að nema neitt af öðrum, af því maður hefur ekki trú að þeir hafi einhverju að miðla. Lævísan, vegna þess að maður finnur sjaldnast sinn eigin hroka né trúir að maður sé haldinn honum. Reykjavík, er ekki heltekin af en heldur ekki laus við hinn lævísá hroka stærðarinnar. Ég læt ykkur eftir að tengja þá staðhæfingu við safnamál.

Og nú víkur sögunni að söfnum, því söfn geta einnig smitast af hinum lævísá hroka stærðarinnar. Við lifum í tíma sem er gegnsósa af framþróunarhugsun. Nýjung þykir í eðli sínu og af sjálfu sér betri en það sem fyrir er; fyrir því þarf ekki að færa frekari rök. Liðin er sú tifð sem var t.d. í borgarráðum grísku borgríkjanna til forna, að sá sem flutti tillögu sem felld var í ráðinu var tekinn af lífi. Það dró mjög úr tillögugleði og nýmælum. Pannig var íhaldsemin og stöðnunin rakilega tryggð, af því þarna vildu menn ekki framfarirnar og breytingarnar sem nútíminn pyrstir svo mjög í.

Nú er það svo að í okkar túlkun á veruleikanum er erfiðara að mæla gæði heldur en magn, þessvegna mælum við framfarir aðallega í magni; við bútum þær niður í eitthvað sem við getum talið; einingar, kíló, krónur og þess háttar. Þegar við viljum lýsa því hvaða árangri við skilum, hversu okkur miðar fram, þá þykir okkur nærtækast að nefna tölu, og síðan töluna frá í fyrra til samanburðar og með því færum við sönnur á að við séum í framför eða sókn.

Nú eru söfn og starfsemi þeirra flokkuð til menningargæða og tilheyra svokölluðum menningargeira í kerfum og skipuritum, og menningargæði eru alveg sérlega óþjál í allri mælingu; það er tæknilega álíka erfitt að bregða á hana stiku eins og að mæla lengdina á marglittu eða hraðamæla snigil. En tímarnir eru miskunnarlausir í þessum efnum; allir skulu sýna árangur, einnig menningargeirinn og árangurinn sýnir maður með tölum. Rithöfundur sem skrifar mikil og selst vel er betri en sá sem lítið selst, sjónvarpsþáttur með mikil áhorf er betri en hinn sem fáir sjá. Safn sem tíuhúsund vilja heimsækja er betra og árangursríkara en hitt þar sem koma þúsund. Bókasafn sem lánar fimmtíu bækur árlega á ísbúa er betra en það sem lánar tíu. Til er amerískur málsháttur sem segir; „if your only tool is a hammer, you will treat everything as a nail” - lauslega þýtt og endursagt þýðir það, að ef maður ætlar að sanna árangur með tölum, þá er vitaskuld það eitt kallað árangur sem hægt er að telja.

Þetta er bersýnilega dálítið grunnhyggin staðhæfing; árangur af starfi safns, gæði þess og gildi, verður ekki tjáður til fulls með aðsóknartölum, sértekjum eða útlánafjölda á ísbúa. Það er ekki endilega besta safnið sem hefur hæstu tölurnar, það er ekki endilega á raunverulegri framfarabraut þó tölurnar hætti ár frá ári. Sá sem því trúir er genginn „flest-er-best” hugmyndafræðinni, - „big is beautiful” - á hönd, hinni hálfblindu magnhyggju, og vissulega smitaður af hinum lævísá hroka stærðarinnar. Stjórnendur, skriffinnar, fjármálastjórar og þess háttar fólk, sem rekistefnast með söfn á vegum ríkis og sveitafélaga spyr ykkur safnfólk um árangur, vill vita hvort þetta eru góð söfn eða slæm, í framför eða afturför, og það eигum við að gera. Trúir tímanum spryrjum við um tölur og magn. Og hverju svarið þið? Jú, þið segið bljúg og hlýðin frá því hvað gestir voru margir í ár samanborið við í fyrra, hvað útlán á ísbúa hafa aukist o.s.fr. Nú hef ég vissulega ekkert á móti því að þessum tölum sé haldið saman, en einar og sér koma þær ekki að kjarna málsins. Þið verðið að svara okkur öðruvísí. Tölur duga þegar verið er að selja SS-pylsur eða kókflóskur en árangur menningarstofnunar er annars eðlis og verður að gera grein fyrir sér á flóknari hátt. það eigið þið að sýna og sanna.

Ég hef margrekið mig á það á svona málfundum, að þær ræður þykja langbestar þar sem áheyrendur eru móðgaðir og skammaðir mest, svo ég ætla að enda á því að segja, að mér finns menningarstofnanir vera lélegar við að gera grein fyrir árangri sínum, mér finnst þær hafa jálast hinni tölulegu aðferðarfraði þegar þær gera grein fyrir sér, mér finnst þær dansa gagnrýnislaust og fúslega með í „flest-er-best” hugmyndafræðinni. Má ég fyrir hönd allra skriffinna, biðja ykkur að þróa betri og raunsannari mælikvarða á árangur handa okkur, heldur en áðurnefndar tölur, og hætta að láta eins og þið séuð að selja SS-pylsur.

Jón Björnsson
Erindi haldið á Farskóla safnmanna, 5. sept. 1996.

* * *

Erindi Jóns Björnssonar er athyglisvert þegar drög að stefnumörkun Þjóðminjasafnsins eru skoðuð. Í sérstökum kafla er fjallar um árangursmat stendur:

„Fylgja verður [boðaðri] stefnu eftir með skilgreindum verkefnum og meta árlega árangur starfsins í heild, m.a. með því að taka mið af mælanlegum aðferðum. Eðlilegt er að miða við eftirfarandi atriði:

- Fjölda sérsýninga.
- Fjölda farsýninga.
- Fjölda útlánaðra safngripa.
- Fjölda safngesta á; fastasýningar, sérsýningar, fyrirlestra, annað.
- Fjölda notenda heimildasafna.
- Fjölda mynda sem afgreiddar eru frá myndasafni.
- Fjölda námsmanna sem fá safnkennslu.
- Fjölda hópa sem fá leiðsögn.
- Fjölda einstaklinga sem fá leiðsögn.
- Fjölda fyrirlestra sem eru haldnir.
- Fjölda ýmissa annarra viðburða á safninu.
- Fjölda þátttakenda í ýmsum viðburðum.
- Fjölda fyrirspurna sem svarað er, þ.e. í síma, skriflega eða munnlega við heimsókn.
- Fjölda heimsókna á bókasafnið.
- Veltu safnbúðar.

Að hverju verkefni loknu skal jafnframt meta hvort sett markmið hafi náðst og tíma- og kostnaðaráætlanir staðist. Þá skal og draga lerdóm af því sem vel er gert og því sem betur má fara”. (bls. 8)

Verður ekki annað séð af þessari upptalningu en að Þjóðminjasafnið stefni í að játast fullkomlega undir „hina tölulega aðferðarfræði” og að sé við það að taka þátt í „„flest-er-best” hugmyndafræðinni”. Fróðlegt væri að heyra álit safnmanna á erindi Jóns og þeirra hugmyndir um árangursmat.

Ritstjóri.

Fornleifaskráning og fornleifarannsóknir

Það er mjög einfaldur boðskapur sem mig langar að flytja ykkur hér í dag. Fornleifarannsóknir, og þar með tel ég rannsóknir á gripum, gerð þeirra og sögu, fornleifauppröft og fornleifaskráningu, eru forsenda þess að þjóðminjavarslan nái markmiðum sínum. Ef engar rannsóknir fara fram geta minjasöfn ekki gegnt hlutverki sínu til lengdar og án rannsókna verður verkefni þjóðminjavörslunnar, sem er að koma í veg fyrir að menningarminjar séu eyðilagðar eða að þær glatist, viðhald þeirra og varðveisla, erfitt eða óvinnandi með öllu.

Sú skoðun er útbreidd, ekki síst meðal þeirra sem stýra fjárfamlögum til safna og minjavörslu, að söfn séu fyrst og fremst geymslur, að þau hafi náð hlutverki sínu ef merkilegir gripir rata inn í þau og séð er til þess að þeir skemmis ekki og séu tiltækir fyrir komandi kynslóðir. Þessi skoðun er auðvitað gagnleg þegar rökstyðja þarf smánarleg útgjöld til safnamála, en hún er hinsvegar ekki aðeins skaðleg fyrir starfsemi minjavörslunnar, heldur beinlínis röng.

Það eru nefnilega ekki gripirnir sjálfir sem mestu máli skipta, heldur þekkingin um þá, og það er þekkingin sem söfnum hefur verið falið að varðveita. Gripur sem ekkert, og þá meina ég alls ekki neitt, er vitað um, segir okkur ekki neitt. Hann hefur því ekkert gildi fyrir menningarsögu, hann er gagnlaus með öllu. Gripirnir sjálfir eru auðvitað í langflestum tilvikum starsti og mikilvægasti hlutinn af þekkingunni um þá - það er ástæðan fyrir því að gripum er ekki hent þó haegt sé að taka af þeim myndir og gera af þeim nákvæmar lýsingar. Það er hinsvegar þekkingin um þá sem ákveður hvort okkur finnst þeir merkilegir, hvort þeir eru hafðir til sýnis eða hversu miklu ljósi þeir eru taldir varpa á sögu okkar og menningu. Þekkingin um gripina verður ekki til af sjálfu sér. Hún byggir á athugunum og rannsóknum.

Við eignum á Íslandi mikinn forða, bæði af gripum og þekkingu um þá. Þessi forði er vannýttur. Vissulega fara fram rannsóknir á öllum söfnum. Hver einasta sýning sem sett er upp byggir á rannsóknum safnvarðanna. Þær rannsóknir eru þó langoftast gerðar af skelfilegum vanbúnaði, ekki af því að hæfileikana eða viljann skorti, heldur af því að tíminn sem áætlaður er til rannsókna er naumur og fjármunir ennþá minni. Rannsóknir sem að baki sýningum liggja eru því æði oft allyfirborðskenndar og þá sjaldan að sýningar eru settar upp sem byggja á grunnrannsóknum, þá eru það yfirleitt rannsóknir fólks, sem hefur á löngum tíma, jafnvel áratugum, þurft að stunda vísindi sín í frístundum.

Langfæst söfn skilgreina grunnrannsóknir sem hluta af starfsemi sinni. Við þjóðminjasafnið sjálf er aðeins ein staða sem algerlega er helguð rannsóknum - aðrir safnverðir hafa allskonar stjórnunarstörf og almenn safnstörf á sinni könnu og eftir því sem skrifraði í kringum þjóðminjavörsluna eykst, verður tími margra safnvarða til rannsókna lítill sem enginn. Þó að íslensk söfn, og þjóðminjasafnið sérstaklega, hafi vaxið

mjög á síðustu 20-30 árum og stöðugildi séu orðin margfalt fleiri en þá var, hafa rannsóknir ekki vaxið að sama skapi. Ekkert íslenskt safn hefur rannsóknarstefnu, og aðbúnaður þeirra er slíkur að ekkert þeirra getur talist spennandi staður fyrir vísindamann að vinna á, ef borið er saman við aðrar rannsónarstofnunar eða erlend söfn. Þessar aðstæður hamla ekki aðeins vesti safnanna heldur munu þær til lengdar leiða til stöðununar þeirra.

Dæmið er einfalt að mínu viti: Góður aðbúnaður vísindamanna og spennandi rannsóknir draga að sér góða og duglega vísindamenn og þeir draga aftur af sér fjármagn til frekari rannsókna og eflingar stofnunarinnar sem þeir vinna við. Góðar rannsóknir skila spennandi og áhugaverðum niðurstöðum, en það eru þau verðmæti sem söfn framleiða eða eiga að framleiða, og á þeim byggja vel heppnaðar og skemmtilegar sýningar. Skemmtilegar og vandaðar sýningar ná frekar því markmiði safna að fræða almenning, heldur en leiðinlegar og óvandaðar sýningar, og þar að auki draga þær að fleira fólk en ella og þar á meðal erlenda ferðamenn og þannig hjálpa þær við að skila tekjum í þjóðarbúið.

Ef litlar sem engar rannsóknir fara fram og aðstaða til þeirra er léleg þá kemur það niður á sýningum safnanna og það gerir að verkum að söfnin ná ekki að sinna fræðsluhlutverki sínu jafnvæl sem skyldi og færri gestir koma í þau.

Svipuðu máli gegnir um þjóðminjavörluna ef við skiljum hana sem þann hluta af starfsemi Þjóðminjasafnsins sem lýtur að því að sannfæra almenning og ráðamenn um að ekki megi eyðileggja menningarminjar, og að því að gera við þær og varðveita. Allar þær röksemadir sem beitt er í slíku starfi byggja á rannsóknum, og gæði rakanna, og þar með líkur á að hlustað sé á þau, fara eftir því hversu vandaðar rannsóknirnar voru. Dæmi um samhengi rannsókna og virkni þjóðminjavörlunnar er fornleifaskráning, en fornleifaskráning felst í því að finna og kortleggja minjastaði. Samkvæmt lögum eru allir minjastaðir á Íslandi, sem eldri eru en 100 ára, friðaðir og er Þjóðminjasafnini falið að sjá til þess að sú friðun sé virt. Það er augljóst að til þess að geta verndað þessa staði verður safnið að hafa aðgang að upplýsingum um hvar þeir eru. Það er ekki hægt að vernda eithvað sem maður veit ekki hvar er - hvað þá ef maður veit ekki einusinni að það sé til. Ef fram heldur sem horfir og þjóðminjavarslan verður áfram ófær um að fjármagna fornleifaskráningu eða styðja við bakið á henni á nokkurn hátt, þá mun hún að sjálfsögðu fyrir eða síðar missa umboð sitt til að stýra verndun minjastaða í landinu.

Ég hef dvalið hér nokkuð við fornleifarannsóknir í víðum skilningi og sérstaklega þann þátt fornleifarannsókna sem lýtur að athugunum á gripum og rannsóknum á þeim í söfnum. Ástæða þess er sú, að á Íslandi hafa bæði fornleifarannsóknir og minjavarsla í víðum skilningi byggst upp í kringum söfn. Þjóðminjasafnið hefur til skamms tíma verið miðstöð fornleifarannsókna á Íslandi og minjavarsla og fornleifarannsóknir hafa þannig verið tengd sterkum böndum. Það hlýtur að flestu leyti að vera

skynsamlegt fyrirkomulag; rannsóknirnar styrkja minjavörluna og það styrkir rannsóknirnar að vera unnar í samhengi við verndun minjanna. Þróunin hefur hinsvegar orðið sú að rannsóknir hafa dregist aftur í starfsemi Þjóðminjasafnsins, sérstaklega, að því er virðist, á kostnað stjórnunar. Þannig hefur til dæmis engu fjármagni verið veitt til vísindalegra fornleifauppgrafa á vegum safnsins um nokkura ára bil, og safnið hefur ekki séð sér fært að ganga frá stórum uppgraftarverkefnum eins og á Þingnesi við Elliðavatn eða Stóruborg undir Eyjafjöllum. Fyrir utan litla könnunarskurði hafa uppgreftir á vegum safnsins eingöngu verið svokallaðir björgunargreftir, það er að segja uppgreftir sem ráðist er í vegna framkvæmda, en það liggur í eðli slíksra uppgrafa að rannsóknargildi þeirra og vísindalegar niðurstöður af þeim eru miklu minni en uppgrafa sem gerðir eru í vísindaskyni.

Þegar svo er komið að Þjóðminjasafnið stundar hvorki fornleifaskráningu né fornleifauppröft í vísindaskyni er hætta á að það missi allt frumkvæði í fornleifarannsónum á Íslandi úr sínum höndum. Þessi þróun er í raun mjög furðuleg því hvorki virðist skorta áhuga né fjármagn í íslensku samfélagi til að stunda fornleifarannsóknir. Við sem störfum hjá Fornleifastofnun Íslands, en það er sjálfseignarstofnun sem vinnur að fornleifarannsónum á Íslandi, bæði uppgrefti og skráningu, teljum okkur hafa sýnt á þeim tveimur árum tæpum sem stofnunin hefur starfað, að vel sé hægt að stunda þróttmiklar fornleifarannsóknir á Íslandi, og meira að segja þannig að hvergi þurfi að slaka á vísindalegum kröfum. Bæði er mikill hljómgrunnur fyrir fornleifarannsónum meðal almennings, og skilningur á þeim áhuga meðal ráðamanna - nema þá kannski helst þeirra sem sitja í fjárlaganeftnd. Okkur sýnist því að aðstæður til fornleifarannsókna á Íslandi séu mjög góðar, þar sem hvorki skortir verkefni né leiðir til að fjármagna þau.

Máttleysi þjóðminjavörlunnar er í þessu ljósi sérkennilegt. Það hlýtur að eiga að vera sjálfsagt markmið Þjóðminjasafnsins að halda úti öflugum rannsónum á öllum sviðum íslenskrar menningarsögu. Ég held að sjálfsögðu ekki að það sé nauðsynlegt, eða einu sinni gott, að allar fornleifarannsóknir í landinu séu á könnu Þjóðminjasafnsins. Það kemur hinsvegar niður á okkur öllum, sem vinnum við menningarsögulegar rannsóknir, og raunar þjóðinni allri, ef rannsóknir við Þjóðminjasafnið halda áfram að minnka í hlutfalli við aðra starfsemi þess. Án rannsókna mun safnið ekki geta þrifist til lengdar og mun hvorki geta sinnt skyldum sínum við almenning eða verið sú sjálfsagða miðstöð menningarsögulegra vísinda sem það á að vera.

Orri Vésteinsson.

Erindi haldið á ráðstefnunni

Þjóðminjavarzlan. Starfsemi og markmið. 20. september 1996.

Um stefnumörkun og stjórnskipulag fyrir Þjóðminjasafn Íslands

Tilefni þessa greinarkorns eru plögg um stefnumörkun og stjórnskipulag fyrir Þjóðminjasafn Íslands sem kynnt voru 20. september síðastliðinn. Í fljótu bragði mætti ætla að hér sé aðeins um innanhússmál Þjóðminjasafns ræða en Þjóðminjasafnið varðar okkur öll eins og kunnugt er.

Stjórnskipulagið: Búið er að samþykkja það í Þjóðminjaráði og þess vænst að menntamálaráðuneytið samþykki það einnig á næstunni. Trúlega eru allir sammála um nauðsyn stjórnskipulags fyrir Þjóðminjasafnið, nú þegar safnið hefur vaxið á 133 árum úr einyrkjasafni í stóra stofnun með fjölda starfsmanna. Hins vegar munu ekki allir sammála um hvernig skipulagið skuli vera og einnig er eðlilegt að einstakir starfsmenn séu ó öruggir um stöðu sína. Það sem máli skiptir er að allir leggi sitt af mörkum til að breytingarnar gangi fyrir sig á farsælan hátt. Varðandi einstök nýmæli í stjórnskipulaginu má nefna að stofna á munadeild við safnið og líst undirrituðum vel á það.

Drög að stefnumörkun fyrir árin 1996-2002: Um þetta plagg gildir það sama og um hitt, þ.e. að því stærra sem safnið verður því mikilvægara er að hafa þar skýrar línur. Vel skilgreind markmið eru gulli betri. Hin nýju stefnudrög Þjóðminjasafnsins eru mjög álitlegur grunnur til að byggja á. En þau eru almenns eðlis og þar af leiðandi er að miklu leyti undir nánari útfærslum og einstökum starfsmönnum komið hvernig þau verða hagnýtt.

Gildi fyrir Árbæjarsafn: Þegar á heildina er litið virðist undirrituðum þessi tvö plögg hafa burði til að marka nokkur tímamót. Meðal annars ættu með framfylgd þeirra að opnast möguleikar fyrir aukið samstarf Þjóðminjasafns og Árbæjarsafns á ýmsum sviðum. Starf undirritaðs er söfnun sögulegra gripa á höfuðborgarsvæðinu og til að það sé markvisst þarf að vita hvað til er fyrir, ekki aðeins á Árbæjarsafni heldur einnig Þjóðminjasafninu og sérsöfnunum. Því yrði mikil framfaraspórf ef lokið yrði frumskráningu safngripa á Þjóðminjasafninu á næstu 6 árum, eins og ráð er fyrir gert í stefnudrögum. Sömuleiðis er mjög tímabært fyrir söfnin tvö, Þjóðminjasafnið og Árbæjarsafn, að samræma söfnunarstefnu sína.

Helgi M. Sigurðsson

Allt á einum stað

Loks er komin niðurstaða um framtíðarhlutverk Safnahússins. Það skal hýsa þjóðargersemarnar, gott ef mætustu synir hennar eiga ekki að fá sér herbergi þar líka. Það er margt sem vekur furðu í þessu máli. Í fyrsta lagi samsetning nefndarinnar, ráðuneytisstjórar þriggja ráðuneyta og húsameistari ríkisins. Það kom mér satt að segja á óvart hversu hefðbundinn menntamálaráðherra var þar. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra kynnti nýlega niðurstöður nefndar um upplýsingatækni og nýtingu hennar, sú nefnd - og niðurstöður hennar - hafa vakið athygli. Samsetning nefndarinnar var óhefðbundin, hinir og þessir settir í hana og gefinn dágóður tími til að velta málinu fyrir sér frá ýmsum sjónarhornum, og niðurstöðurnar komu á óvart. Þóttu nýstárlegar og gagnlegar. Í augum almennings hefur menntamálaráðherra þá ímynd að vera hamhleypa til verka og sá ráðherranna sem er hvað mest í takt við tímann, er m.a. á netinu. Í þessu tilviki hefði hann átt að taka samráðherra sinn sér til fyrirmynadar og víkka út þessa þróngu nefnd. Þá hefði kannski komið eitthvað bitastætt frá henni. Með allri virðingu fyrir þessum ónafngreindu ráðuneytisstjórum og húsameistara þá hef ég sjaldan séð neitt geldara. Ég hef reyndar ekki séð greinarngerð nefndarinnar og byggi þ.a.l. fordóma mína á því sem ég las í *Morgunblaðinu*, sem birtir aðeins kjarna málsins.

Nefndin hafði ekki neitt samstarf við stofnanirnar sem varðveita þessar gersemar. Hvað þá að hún hafi velt fyrir sér hvað séu „þjóðargersemar“. Forngripir, málverk og handrit eru nefnd til sögunnar, sem eru nú þegar mörg til sýnis í þjóðarsöfnum okkar. Á að tína úr sýningarsölunum brot af því besta eða á að afla nýrra þjóðargersema? Á að fara í víking til Danmerkur og heimta það sem þar er eftir, bæði af handritum og forngripum? Eða á að láta greipar sópa í sölum Þjóðminjasafnins? Ef Þórlíkneskið, Grundarstóllinn og Valþjófsstaðarhurðin - sem hljótast að teljast helstu dýrgripir þjóðarinnar, verða tekin úr sölum Þjóðminjasafnsins og settir í Safnahúsið má þá ekki allt eins loka sjoppunni úti á Melum? Hvers vegna ætti fólk að skrölta þangað til að líta á sýningu Árnastofnunar og Þjóðminjasafnsins ef „úrvalið“ verður í Safnahúsinu? Það er ekki skrytið þótt ýmsir telji þetta aðför að Þjóðminjasafninu. Verður klipið af naumri fjárveitingu þess til að standa straum af kostnaði við uppsetningu sýningar þess á nýja staðnum? Og hvernig í ósköpunum ætla menn að setja upp sýningar í alfríðuðu húsi?

Þjóðmenningarhúsið mun heyra undir forsætisráðuneytið, það er annað sem kemur á óvart því hingað til hefur menntamálaráðuneytið „annast“ þjóðararfinn. Vill ráðuneyti menntamála losna við hann, eða er forsætisráðuneytið að reyna að sölsa hann undir sig? Er stefnubreyting í aðsigi? Mun fjármálaráðuneytið taka Háskólan? Félagsmálaráðuneytið sjúkrahúsin?

Leiðarahöfundur *Morgunblaðsins* þann 25. september sl. minnir á nefndarálit um málið frá 1990 þar sem segir m.a. að „veglegt væri að koma fyrir herbergjum Jóns Sigurðssonar, Ara fróða, Snorra Sturlusonar, Halldórs Laxness o.fl.“ Hverjir skyldu þessir „o.fl.“ vera? Og hvað á að vera í herbergjunum? Jón Sigurðsson er þegar með heilt safn um sig vestur í Arnarfirði, annað í húsi sínu í Kaupmannahöfn og veglega stofu á Þjóðminjasafninu - þarf blessaður maðurinn virkilega meira pláss? Og er ekki verið að gera Snorra skil í Reykholti? Svo virðist sem við eignum enn einu sinni að fá frosna fyrirstríðs mynd af sögu þjóðarinnar. Hvergi er minnst á nýbúa, nýjar kenningar í sagnfræði jafnt sem safnfræði hafa farið fram hjá nefndinni. Guðmundur Hálfðánarson dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands heldur því fram að mikilvægasta táknið í þjóðernisvitund nútíma Íslendinga sé náttúram fremur en sagan og hún hafi að vissu leyti leyst söguna af hólmi. Þetta vissi nefndin ekki og úthýsti því Náttúrugripastofnun! Á bord er borin sama gamla tuggan, tungan og sagan.

Að sögn ráðumeytisstjóra í forsætisráðuneytinu er meginjónarmiðið sem ríkisstjórnin gerði að sínu með ákvörðuninni, það, að í Safnahúsini verði starfsemi, sem laði sem flesta gesti að því, m.ö.o. að sem flestir eigi eitthvert erindi þangað. Það að ríkisstjórnin skuli halda að svona „Topp tíu“ safn sé það sem þjóðin hefur beðið eftir sýnir best að hún trúir öllum klisjunum um okkur. Ef hjarta ríkisstjórnarinnar slæi í takt með hjarta þjóðarinnar hefði hún opnað kaffihús eða bar í Safnahúsini. Það kostar eflaust ekki „margþættari“ lagfæringer á friðaða húsinu en þessar tillögur.

Ragnhildur Vigfúsdóttir
Greinin birtist í *Degi Tímanum* 4.10.1996

Þjóðminjasafnið netvæðist

Á undanförnum árum hefur Þjóðminjasafnið dregist verulega aftur úr á svíði tölvunotkunar. Engin samræming hefur verið í kaupum á vélbúnaði eða hugbúnaði milli deilda safnsins og hefur þörfin fyrir nettengingu á tölvum farið vaxandi á síðastliðnum árum. Um þessar mundir stendur hins vegar yfir bylting í tölvumálum safnsins þar sem hrundið hefur verið af stað stóratakí á þessu svíði.

Meginmarkmiðið með tölvuvæðingu Þjóðminjasafnsins er að einfalda og samræma tölvuumhverfi starfsmanna, samnýta forrit, bæta aðgengi að gagnaskrám safnsins og uppfletringu í bókaskrám, bæta upplýsingaflæði og boðleiðir milli starfsmanna og veita þeim aðgang að tölvupósti og

alnetinu (Internet). Þessum markmiðum á að ná með því að samræma vélbúnað og hugbúnað samkvæmt þörfum safnsins og hagkvæmni í rekstri og hjónustu safnsins.

Til þess að halda utan um netkerfið hefur verið valinn PC búnaður frá Nýherja og hugbúnaður frá Microsoft. Búið verður til samræmt upplýsinga- og gagnakerfi, sniðið að þörfum safnsins. Jafnframt á það að geta hentat öðrum minjasöfnum. Þetta upplýsingakerfi minjasafna, sem verður byggt upp í áföngum, á að halda utan um alla helstu þættina í starfsemi og rekstri safnsins og ef vel tekst til minjavörslunnar í heild. Kjarninn í þessu kerfi, sem gengur undir heitinu SARPUR, er safngripaskráin og hliðarskrár sem henni tilheyra. Safngripaskráin er fyrsti áfangi og er ráðgert að hann verði tekinn í notkun vorið 1997. SARPUR mun m.a. leysa af hólmi gömlu Aðalskrána í DataPerfect sem notuð hefur verið lítið breytt frá árinu 1987. Gögnin sem þar eru fyrir munu verða flutt yfir í nýja gagnagrunni þegar hann er tilbúinn og verður gamla skráningarkerfið tekið úr notkun. Lykillinn að nýja kerfinu er flokkunarkerfið Outline. Allmikil vinna er enn eftir af hálfu safnsins í sambandi við samræmingu og staðla við flokkunarkerfið. Sú vinna er afar mikilvæg og verður unnið samhliða kerfisforritun.

Eins og áður sagði verður kerfið samsett úr mörgum einingum sem eiga að vinna saman (venslagrunnar), þannig að ef flett er t.d. upp á ákveðnum bæ, manni eða safngrip, þá mun skráin sýna allar upplýsingar sem tengjast viðkomandi bæ, manni eða safngrip. Hvort sem göngin eru geymd í safngripaskrá, myndaskrá, teikningaskrá eða húsaskrá, svo dæmi sé tekið.

Þegar safngripaskráin er tilbúin verður tekið til við næstu áfanga, þ.e. Fornleifaskrá, Myndaskrá, Skjalaskrá, Verkefnaskrá og Þjóðháttaskrá sem verða kláraðir eftir því sem fjárveitingar leyfa. Húsaskrá húsafríðunarnefndar er nánast tilbúin. Stefnt er að því að allt kerfið verði komið í notkun innan tveggja til þriggja ára. Fyrirhuguð er tenging við alnetið og stofnun netfangs fyrir Þjóðminjasafnið og starfsmenn þess. Þar með opnast jafnframt sá möguleiki að öll söfn landsins geti tengst inn á eina safngripaskrá í framtíðinni.

Það er von Þjóðminjasafnsins að sem flest minjasöfn sjáí sér hag í að tengjast þessu gagnasafni þegar það verður tilbúið og nýti sér þar með þá vinnu sem lagt hefur verið í. Enda er augljóst hagræði að því að sem flestir skrái safngripina í samhæft forrit.

Minjasöfn sem hafa áhuga á tölvuskráningu safngripa og nettengingu minjasafna geta haft samband við greinarhöfund um frekari upplýsingar.

Guðmundur Ólafsson.

Íslenska sögupingið

„Íslenska sögupingið“ verður haldið í fyrsta skipti dagana 28.-31. maí 1997. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands standa að þinginu en í þingstjórn eru Anna Agnarsdóttir forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, Hrefna Róberts dóttir fráfarandi formaður Sagnfræðingafélagsins og Eggert Pór Bernharðsson sagnfræðingur.

Tæplega nútíu manns verða með framlag á þinginu og koma þeir víða að. Fjöldi fyrirlesara kemur frá útlöndum, einkum Íslendingar sem eru þar við nám og störf en einnig nokkrir erlendir fræðimenn. Sérstakur gestur þingsins verður breski prófessorinn Arthur Marwick sem er víðkunnur fyrir rit sín og rannsóknir í sagnfræði. Reynt hefur verið að hafa dagskrána sem fjölbreyttasta þannig að flestir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Í meginþráttum skiptist hún í tvö „aðalefn“ sem standa heilan dag hvort um sig, sex „hliðarefn“ sem standa hálfan dag hvert, efnid „skiptar skoðanir“ sem stendur hálfan dag og tólf „staka fyrirlestra“ sem dreifast á þingdagana. Allir fyrirlestrar verða birtir í sérstökum ráðstefnuritum sem gefin verða út að þungi loknu.

Þingið verður haldið í húsakynnum Háskóla Íslands og hefst með þingsetningu í hátiðarsal Aðalbyggingar. Þar verður dagskrárefnið „Skiptar skoðanir: Innreið nútímans á Íslandi“ haldið, en það efni kallar á pallborð með ellefu þáttakendum, og hugsanlega einhverjir stakir fyrirlestrar. Að öðru leyti fer þinghaldið fram í Odda. Aðalefn verða í stofu 101, hliðarefní í stofu 201 og stakir fyrirlestrar í öðrum stofum. Í Odda verða höfuðstöðvar þingstjórnar og starfsmanna. Auk eiginlegra fyrirlestra verður boðið upp á ýmislegt annað í tengslum við þingið, bæði til fróðleiks og skemmtunar. Þannig er gert ráð fyrir sýningarbásum og veggspjöldum á þingstað þar sem einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir geta kynnt rannsóknir sínar eða starfsemi. Þá er fyrirhuguð bókasýning og bókamarkaður. Móttökur verða haldnar og síðdegis á föstudeginum verður farið í kynnis- og skoðunarferð á Bessastaði í boði forseta Íslands. Á kvöldin verður sithvað til gamans og skemmtunar og á laugardagskvöldið verður sameiginleg þingveisla. Þannig verður lögð áhersla á félagslegu hliðina ekki síður en hina fræðilegu.

Nokkrir starfsmenn munu sjá um afmörkuð verkefni í tengslum við þingið. Framkvæmdastjóri er Sigríður Matthíassdóttir sagnfræðingur, en hún sér m.a. um skráningu, starfsmannahald á þinginu, tengsl við þáttakendur, aðstoðar við skipulagningu og undirbúning og tekur raunar til hendinni alls staðar þar sem á þarf að halda; ritstjóri dagskrár og ráðstefnurita er Eiríkur K. Björnsson sagnfræðingur; kynningarfulltrúi er Viggó Ásgeirsson sagnfræðinemi, en hann hefur umsjón með veggspjöldum, sýningarbásum og annarri kynningu á þingstað, og fjölmíðafulltrúi er Þórmundur Jónatansson sagnfræðinemi en hann sér um tengsl og samskipti við fjölmíðla.

Almennt hafa viðtökur við þinghaldinu verið mjög góðar og nánast allir sem rætt hefur verið við hafa tekið því fagnandi að vera með á þessu fyrsta íslenska sögupingi. Miklar vonir eru bundnar við þingið og vænst er a.m.k. um 250 þátttakenda. Í nóvember verður sendur út ítarlegur kynningarbæklingur um þingið og efni þess til félaga í FÍS og þá hefst einnig bráðabirgðaskráning. Vonandi sjá sem flestir ástæðu til þess að taka þátt í þessu viðóasteði þingi um íslenska sögu til þessa. Takist vel til aðtti þinghald sem þetta að geta orðið að föstum lið í starfi sagnfræðinga í framtíðinni og lyftistöng fyrir fræðigreinina, ýtt undir skoðanaskipti fólks á óliskum fræðasviðum og aukið áhuga almennings á íslenskri sögu.

Grunndagskrá Íslenska sögupingsins:

Miðvikudagur 28. maí:

Kl. 15:00-17:00: Þingsetning.

Fimmtudagur 29. maí:

Kl. 9:00-12:00:

Aðalefni I: „Heimili og samfélag. Saga heimilis á miðöldum“.

Hliðarefni I: „Einstaklingar án sögu - saga án einstaklinga. Persónulegar heimildir f sagnfræði“.

Stakir fyrilestrar (3 talsins).

Kl. 13:30-16:30:

Aðalefni I. Frh.: „Heimili og samfélag. Saga heimilis á miðöldum“.

Hliðarefni II: „Þjóðararfurinn. Varðveisla og miðun“.

Stakir fyrilestrar (3 talsins).

Föstudagur 30. maí:

Kl. 9:00-12:00:

Hliðarefni III: „Auður, vald og menning 1550-1800“.

Skíptar skoðanir: „Innreið nútímans á Íslandi“.

Stakir fyrilestrar (3 talsins).

Laugardagur 31. maí:

Kl. 9:00-12:00:

Aðalefni II: „Ísland og umheimurinn“.

Hliðarefni IV: „Rannsóknir ungra fræðimanna“.

Hliðarefni V: „Kyn og saga“.

Kl. 13:30-16:30:

Aðalefni II. Frh.: „Ísland og umheimurinn“.

Hliðarefni VI: „Byggðasaga. Frá hinu smáa til hins stóra“.

Stakir fyrilestrar (3 talsins).

Kl. 16:45-17:00 þingslit.

Norrænt safnár 1997

- Nordliv styrkur

Nýlega hefur Norræna félagið á Íslandi sent öllum byggða- og héraðskjalasöfnum bréf þar sem auglýstur er styrkur til safnanna úr verkefnasjóði Nordliv á Íslandi. Styrkurinn er ætlaður til verkefna sem koma til framkvæmda 1997 og eru tengd norrænni sögu, norrænum tengslum og áhrifum frá nánasta umhverfi.

Safnmönum er bent á að lesa vel umrætt bréf og hefjast þegar handa við að skipuleggja spennandi verkefni. Sérstaklega eru söfnin hvött til að leita samstarfs við aðra aðila heima í héraði s.s. önnur söfn, skóla og/eða deildir Norræna félagsins.

Umsóknarfrestur er til 20. október 1996 og 1. mars 1997. Allar nánari upplýsingar veitir verkefnisstjóri Nordliv, Hrafnhildur Jósefsdóttir, á skrifstofu Norræna félagsins að Bröttugötu 3b, 101 Reykjavík. Sími 551-0165. Bréfsími 562-8296.

Eitt og annað gagnlegt

Ráðstefnur

"Reaching Museum Audiences Using New Technology" Museum Computer Network. Ottawa, Canada. 30. Octóber til 2. Nóvember 1996. Hafið samband við: Gail Eagen, Pgm Chair, Canadian Heritage Information Network, 15 Eddy St, 4th Floor, Hull, Quebec, Canada K1A 0M5. s: +819-994-1200, f: +819-994-9555. Netfang: geagen@chin.gc.ca

Nýjar bækur/skýrshur.

Macdonald, Sharon og Gordon Fyfe (ritstjórar) 1996. *Theorizing Museums*. Blackwell: Williston. ISBN 0-631-20151-3

Sigríður Halldórsdóttir og Áslaug Sværissdóttir. 1996. *Jardfundin höfuðföt úr Viðey í Kollafirði*. Árbæjarsafn.

Steinunn Kristjánsdóttir. 1996. *Viðey - trúarheimar mælast*. Árbæjarsafn.

Annað.

Smithsonian stofnunin í Bandaríkjunum gefur út fréttabréf sem nefnist: *Anthro Notes*. National Museum of Natural History Bulletin for Teachers. Í fréttabréfinu má finna eitt og annað er varðar kennslu á söfnum. Til að gerast áskrifandi skrifid til: Smithsonian Institution Anthropology Outreach & Public Information. NHB 363 MRC 112, Washington DC 20560, USA. Áskrifin er ókeypis.

Vinsamlegast sendið ritstjóra ábendingar um efni er komið geta félagsmönnum að góðum notum.

